

**1. 1610046 - Mannauðsmál skólanna**

Í upphafi skólaárs skulu skólastjórar gera fræðslunefnd grein fyrir stöðunni í starfsmannamálum hvað varðar starfsþróun/endurmenntun og leggja fram áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.

Í dag eru;

1 x 100 % leikskólastjóri IV.

1 x 50 % aðstoðarleikskólastjóri/50 % sérkennslustjóri.

3 x 100 % leikskólakennari. *Einn danskur leikskólakennari er í Íslensku 3 hjá Fræðsluneti Suðurlands.*

1 x 100 % deildarstjóri leikskóla II. *Starfsmaður er í fjarnámi í master í leikskólakennarafræðum frá HA. Byrjaði í haust. Er tveggja ára nám ef verið er í fullu námi.*

2 x 100 % deildarstjóri leikskóla I. *Einn starfsmaður er í fjarnámi í leikskólakennarafræðum frá HA, útskrifast í vor 2019.*

1 x 100 % ófaglærður deildastjóri. *Er í leikskólaliða- og stuðningsfulltrúanámi frá Borgarholtsskóla. Klárar vor 2019.*

1 x 100 % verkefnastjóri yfir Grænfánavinnu og útikennslu.

1 x 100 % stuðningur.

1 x 50 % stuðningur. *Er í stuðningsfulltrúanámi frá Fræðsluneti Suðurlands, byrjaði í haust.*

1 x 100 % matráður í eldhúsi

3 x ræsting í 25% starfi = 75 %. Þegar „Fannbergshúsið“ verður tekið í gagnið mun bætast við 25% ræsting. Samtals verður ræsting þá 1 stöðugildi.

3 x 80 % stuðningur/20 % starfsmaður í leikskóla.

1 x 100 % stuðningsfulltrúi/leikskólaliði. *Er í fjarnámi í „viðbótanámi leikskólaliða“ frá Borgarholtsskóla, klárar vor 2019.*

13 x 100 % starfsmaður á leikskóla. *Brasilískur starfsmaður er í íslenskunámi í FSU.*

*Einn starfsmaður byrjaði í haust í fjarnámi í leikskólakennarafræðum frá HA, námið er 3 ár ef verið er í fullu námi.*

1 x 62.5 % starfsmaður á leikskóla.

1 x 50 % starfsmaður í leikskóla.

= 31.625 stöðugildi.

== c.a. 32 stöðugildi

- Lágmarks endur/símenntun í Heklukoti eru 18 kennslustundir á skólaárinu. (1 kennslustund er 40 mín.)

- Allir starfsmenn endur/símennta sig á Haustþingi leikskóla sem verður á Hótel Selfossi 5. október nk. Þar er öllum boðið að hlýða á fyrirlestra fyrir og eftir hádegi. Fimm fyrirlestrar eru í boði fyrir hádegi og aðrir fimm eftir hádegi og velur hver og einn starfsmaður fyrir sig.
- Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu er einnig með framboð af námskeiðum og fyrirlestrum yfir allt skólaárið sem eru í boði fyrir starfsmenn okkar. Planið er gert opinbert í byrjun september og í byrjun janúar og skráir starfsfólk sig jafn óðum og námskeiðin/fyrirlestrarnir nálgast.
- Einnig hefur skólaþjónusta Árneshöfða boðið okkur að nýta þeirra fræðslufundi og námskeið ef áhugi hefur verið fyrir hendi. Planið er gert opinbert í byrjun september og í byrjun janúar og skráir starfsfólk sig jafn óðum og námskeiðin/fyrirlestrarnir nálgast. Reyndar höfum við ekki fengið neitt plan frá þeim þetta haustið þannig að það gæti verið breytt fyrirkomulag. Það mun koma í ljós fljótlega.
- Síðan fer starfsfólk á hin og þessi námskeið/fyrirlestra sem fyrirtæki og stofnanir alls staðar á landinu eru að bjóða upp á. Starfsfólk skráir sig jafnóðum og námskeiðin/fyrirlestrarnir eru auglýstir en jafnframt þarf að biðja skólastjóra um leyfi til þátttöku í allri endumenntun þar sem þarf að skrá sig með stuttum fyrirvara.
- Báðir leikskólarnir í sveitarfélaginu hafa líka tekið sig saman og fengið til sín námskeið/fyrirlestra og/eða gert það á eigin spítur. Byrjuðum skólaárið á því að fá til okkar jogakennara sem kenndi okkur krakkajoga og höfðu allir gott af.

## 2. 1610047 - Aðstaða og búnaður skólanna

**Árlega meti skólastjórar þörf fyrir endurnýjun kennslutækja, þörf fyrir annan búnað og húsnæði í samræmi við þróun nemendafjölda og kennsluhátta og upplýsi fræðslunefnd um stöðu mála.**

Staðan er nokkuð góð hjá okkur í Heklukoti hvað varðar kennslutæki. Þurfum að bæta við tveimur tölvum og skjám í undirbúningsherbergi okkar í staðinn fyrir öldruð tæki. Skólastjóri þarf auka tölvuskjá og bæta þyrfti við nokkrum Ipad þar sem þeir eru notaðir mikið við kennslu og stuðning barna með sérþarfir.

Þar sem yngsta deildin hefur verið flutt yfir í Útskála 1 þarf að gera það húsnæði og umhverfi „ungbarnavænt“. Vildi gjarnan kaupa tvær ungbarnarólur til að setja í garðinn. Einnig væri gaman að geta keypt rennibraut og fleiri útileiktæki fyrir þau því það er ekki mikil örvun og áskoranir í sléttri lóð.

Þar sem við höfum fengið í hendurnar auka húsnæði, „Fannberg“ þá þyrftum við að geta opnað aðra deild, fimmtu deildina en til þess að það geti gerst þá þarf að fá fleira starfsfólk til vinnu og ekki bara eitthvað starfsfólk. Fagfólk fyrst og fremst en ef það vill svo til að það gangi allt upp þá þarf að reikna með því að kaupa þurfi fleiri húsgögn, borð, stóla ofl. Allt sem þarf að vera á leikskóladeild.